

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Öndverðarnes, frístundabyggð, Kallholt 10, L170091.

Um er að ræða tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til lóðar Kallholts 10 sem staðsett er innan frístundabyggðar í Öndverðarnesi. Í tillögunni felst að stærð lóðarinnar breytist úr 3.100 fm í 4.750 fm auk þess sem byggingarreitur innan lóðar stækkar samhliða.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. júní 2024.

Deiliskipulag, Suðurkot, L168285, frístundahús.

Um er að ræða tillögu deiliskipulags sem tekur til afmörkunar byggingarreits fyrir uppbyggingu frístundahúss innan jarðar Suðurkots, L168258. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir heimild fyrir frístundahúsi á einni hæð ásamt gestahúsi/geymslu.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. júní 2024.

Deiliskipulag, Nesjavellir, L170925, Nesjavallavirkjun.

Um er að ræða heildarendurskoðun á deiliskipulagi vegna fjölgunar á borholum og staðarvali fyrir niðurdælingu. Í tengslum við þessar breytingar er afmörkun skipulagssvæðisins endurskoðuð í samræmi við breytta afmörkun iðnaðarsvæðis og hverfisverndar í aðalskipulagi. Þá verða færð inn í deiliskipulagið þau mannvirki og lagnir sem byggð hafa verið á síðustu 10 árum ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tímabilinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. júní 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. ágúst 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.